

69. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni haldinn í Stofu Íslenskra fræða, föstudag 12. október, 2012

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson, formaður, Halldór Páll Halldórsson skólameistari, Páll M Skúlason, aðstoðarskólameistari, Margeir Ingólfsson, Sigurður Ingi Jóhannsson, Unnur Brá Konráðsdóttir (kom seint til fundar), Baldur Garðarsson varafltr kennara, Ástrún Sæland, fltr. nemenda.

Edda Antonsdóttir og Engilbert Olgeirsson, fltr. foreldra, boðuðu forföll.

Fundarefni:

1. Reikningskil mötuneytisins vegna rekstrartímabilsins 1. ágúst 2011 - 31. júlí 2012
2. Nemendur og aðsókn - tölfræði
3. Fjárlagafrumvarpið 2012
4. Frá sjálfsmatsnefnd
5. ML 60 ára 12. apríl 2013 - Hugmyndir að viðburðum afmælisársins
6. Önnur mál

Formaður setti fund bauð varafultrúa kennara velkominn á fundinn. Síðan gaf hann skólameistara orðið um fyrsta lið.

1. Reikningskil mötuneytisins vegna rekstrartímabilsins 1. ágúst 2011 - 31. júlí 2012

G. Erna Halldórsdóttir, gjaldkeri mötuneytis, sat fundinn undir þessum lið. Ársreikningi var dreift til fundarmanna (fskj1) og síðan leiddi skólameistari yfirferð yfir helstu þætti hans og svöruðu hann og Erna spurningum fundarmanna um eintaka liði reikningsins. Rekstrartap án fjármagnsliða er tæplega 3.1 milljón og var gerð grein fyrir helstu ástæðum þess, en þar má helst nefna launakostnað.

Reikningurinn var staðfestur.

Erna vék af fundi.

2. Nemendur og aðsókn - tölfræði

Páll hafði framsögu undir þessum lið og dreifði samantekt um nemendur. (fskj. 2) Til kynningar.

3. Fjárlagafrumvarpið 2012

Skólameistari dreifði skjali: „Fjárlagafrumvarp 2013 - framhaldsskólar“ - þess hluta úr fjárlagafrumvarpi, sem lýtur að framhaldsskólum (fskj 3).

Til kynningar.

4. Frá sjálfsmatsnefnd

Páll kynnti það helsta sem er á borði sjálfsmatsnefndar þessa mánuðina.

5. ML 60 ára 12. apríl 2013 - Hugmyndir að viðburðum afmælisársins.

Skólameistari greindi frá því sem unnið hefur verið að og hugmyndum sem liggja fyrir um hvernig 60 ára afmælinu verður fagnað. Aðkoma skólanefndar og foreldraráðs er hugsuð að undirbúnings og hugmyndavinnunni og þessir aðilar verða boðaðir þegar sá tími kemur.

6. Önnur mál

a. Leiguverð á heimavistum í framhaldsskólum.

Skólameistari dreifði yfirliti yfir leiguverð í heimavistarskólum eins og það birtist á heimasíðum þeirra (fskj 4). Þar kemur fram, að leiguverð í ML er talsvert lægra en í öðrum skólum sem reka heimavistir. Þá kemur fram, að í ýmsu er erfitt um beinan samanburð þar sem mismunandi er hvað er innifalið. Upplýsingarnar eru lagðar fram til upplýsingar og umhugsunar vegna næsta skólaárs.

Unnur Brá kom til fundar undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:52

Fundargerð ritaði Páll M. Skúlason